

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

Byggingarár húsa í Súðavík

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Gagnaöflun og úrvinnsla.....	5
Staðhættir og snjóflóðasagan	8
Byggðasaga.....	8
Húsalisti og kort.....	10
Listi yfir hús í gömlu Súðavík, Eyrardal og Langeyri	11
Skýringartákn á eftir nöfnum eða fyrirsögnum.....	11
A. Ystu húsin í Súðavík, nr. 1-34.....	11
B. Aðalgata og Njarðarbraut neðan við Túngötu, nr. 35-56	15
C. Hús við Túngötu og ofar talin inn eftir, nr. 57-86.....	18
D. Hús við og kringum Aðalgötu, nr. 87-145	22
E. Hús í Eyrardal, gömul hús í nýju byggðinni í Súðavík og hús á Langeyri, nr. 146-168	29
Lokaorð	31
Heimildir	31
Heimildarmenn og óútgefnar heimildir	32

KORT

Kort 1.1-1.4 Númer húsa tengd texta

Kort 2.1-2.4 Byggingarár húsa sem standa

Kort 3.1-3.4 Tímabil horfinna húsa

BYGGINGARÁR HÚSA Í SÚÐAVÍK

Inngangur

Byggðasaga Súðavíkur er tekin saman vegna hættumats, sem unnið er að á Veðurstofu Íslands (VÍ) fyrir Ofanflóðasjóð (Þórður Arason o.fl., 2005). Snjóflóðasagan er ekki vel þekkt nema fyrir síðustu áratugi (VÍ, 2003). Hús sem hefur staðið lengi og snjóflóð eða önnur ofanflóð hafa hvorki grandað né komið að getur því gefið mikilvægar vísbendingar um úthlaups lengd flóða á því tímabili sem húsið hefur staðið.

Í greinargerð þessari er stuttur kafli um hvernig gagna var aflað og úrvinnsla þeirra, þá almennur kafli um byggðasöguna, síðan listi yfir hús og kemur fram hvort hús er horfið og hvort snjóflóð hefur skemmt eða snert það. Á eftir heimildalista fylgja kort, sem sýna helstu örnefni, nöfn húsa og byggingarár húsa, aðgreind eftir því hvort þau standa enn eða eru horfin (Kort 2.1-2.4 og 3.1-3.1).

Vitnað er í útgefnar heimildir og óútgefnar heimildir á sama hátt í textanum, en þessar tvær gerðir eru aðgreindar í heimildalista.

Í greinargerðinni er inn notað samkvæmt málvenju inn eftir firði eða dal og út þýðir í átt að fjarðarmynni. Forðast er að nota hugtakið „fram” vegna þess hve ólík merkingin er eftir landshlutum.

Gagnaöflun og úrvinnsla

Helstu heimildir um hús og byggingarár húsa á Íslandi eru fasteignamat og byggðasögurit. Mikilvægar upplýsingar fengust um horfin hús frá Súðvíkingum, og tókst Hildi Maríasdóttur frá Súðavík mjög vel að safna og koma á framfæri upplýsingum frá fjölskyldu sinni og vinum fyrir vestan. Fasteignamat Súðavíkur frá 5. desember 2003 var yfirfarið og byggingarár skráð á kort. Í kaflanum um byggðasöguna er vitnað í grein eftir Eirík Pál Jörundsson (1995) um upphaf þróunar Súðavíkur. Auk greinar Eiríks Páls er byggt á upplýsingum frá Sögusmiðjunni (2002-2004), skrifum Kristjáns Jónssonar (1964) um bændur, bátaformenn og húsmenn 1901 í Súðavíkurhreppi, skrifum Ágústss Kr. Björnssonar og Jóns Gauta Jónssonar (1999) um uppbyggingu Súðavíkur eftir snjóflóðaslysin miklu 16. janúar 1995, og *Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII* (1940). Jón Gunnar Egilsson (1995a) skrifaði um Súðavíkurslysið 16. janúar 1995. Ýmsar upplýsingar um byggðina og hvar og hvenær snjóflóð hafa fallið á hús fengust einnig úr greinargerðum Veðurstofunnar (Hlynur Sigtryggsson og Óskar Knudsen, 1988; VÍ, 2003; VÍ, 1997) og snjóflóðaskýrslum þeirra Jóns Gunnars Egilssonar (1995b) og Valsteins Heiðars Guðbrandssonar (1994 og 1995), sem var áður snjóathugunarmaður í Súðavík, en er nú látinn.

Harpa Grímsdóttir (1998) skráði byggingarár húsa í Neskaupstað og er hér byggt að nokkru leyti á greinargerð hennar. Kort í greinargerð þessari eru unnin í landupplýsingakerfi VÍ. Áður hefur húsasaga fyrir nokkra staði verið tekin saman á Veðurstofunni sem hluti af hættumatsskýrslu viðkomandi staðar, þar sem skráning var ekki eins ítarleg og fyrir Súðavík og kortavinna var jafnframt einfaldari. Allmiklu þurfti að breyta og bæta við landupplýsingar því kort (þekjur) með útlínum núverandi húsa og útlínum horfinna húsa voru ófullkomin. Upplýsingar voru ekki tæmandi og sums staðar ekki réttar. Útlínur húsa í nýju byggðinni í Súðavík, sem lagfæra þurfti og aðlaga landupplýsingakerfi VÍ, fengust frá Árna Tómassyni (2004) sem er bæjarverkfræðingur fyrir Súðavík.

Frosti Gunnarsson, snjóathugunarmaður Veðurstofunnar í Súðavík, þekkir vel til staðháttanna og ásamt Árna Tómassyni fór hann yfir kort og skráði hvenær hús hurfu, eftir því sem þeir þekktu best.



Mynd 1. Kort af norðanverðum Vestfjörðum, þar sem sjást ýmis kennileiti í nágrenni Súðavíkur. Einnig sést hvernig Alftafjörður sveigir og opnast í norður (kort ©Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins).

Upplýsingar um hvenær hús hurfu fengust einnig með viðtölum við Elías Þorbergsson og konu hans, Guðrúnu Jónsdóttur (EP og GJ, 2004), en þau bjuggu í Súðavík þar til í desember 1994, Hildi Mariasdóttur (HM, 2004), sem var formaður Félags Álftfirðinga og Seyðfirðinga vestra er ritið *Súðavík* (Ýmsir höfundar, 1995) var gefið út. Þar er að finna mikinn fróðleik í myndum og máli. Hildur fékk með sér vinnukort SHH til Súðavíkur í ágúst 2004 og aftur í maí 2005 og skráði og fór yfir upplýsingar með heimamönnum. Móðir hennar og móðursystir eiga myndir í ritinu *Súðavík*, en amma hennar átti eina af fyrstu myndavélunum í Súðavík og tók myndir og safnaði. Gamlar filmur varðveittust í járnkassa, þegar snjóflóð féll á hús fjölskyldunnar úr Traðargili 16. janúar 1995 (Aðalgata 46). Alúmin fundust svo til heil, en gamlar pappamyndir eyðilögðust allar. Hildur Mariasdóttir fór einnig með SHH yfir myndir í ritinu *Súðavík* og loftmynd frá 1957 og sagði frá húsum, nöfnum þeirra og örlögum.



Mynd 2. Horft yfir Súðavík úr suðri. Neðst á myndinni eru hús rétt við Eyrardalsá, (Kort 2.1, 2.2, 3.1 og 3.2). Neðst og syðst er Árnes, þá Innri Grund, Grund og Brekka með grænu þaki. Súðavíkurhlíð er ofan efstu húsanna á myndinni, þ.e. yfir norðurhluta bæjarins, en Traðargil sunnar. Fjöldi húsa sést í hlíðinni, en þar voru mörg fjárhús og einnig íbúðarhús. Lengst til vinstri á myndinni og syðst eru Saurar (ljósmynd: ©Mats Wibe Lund, 1984).

Hús á korti í greinargerð Hlyns Sigtryggssonar og Óskars Knudsen (1988) um snjóflóðahættu höfðu verið leiðrétt eftir loftmyndum frá 1984, og voru þau borin saman við hús á nýrra korti.

Greinargerð þessari fylgja kort í mælikvarða 1:3000, sem sýna helstu örnefni og byggingarár húsa. Algengt er að hús í Súðavík séu nefnd nöfnum en ekki húsnúmerum. Þessi nöfn eru skráð auk húsnúmers á kortin og eru upplýsingar flokkaðar á kort eftir því hvort hús standa eða eru horfin (sjá kort 2.1–2.4 og 3.1–3.4). Stjarna sýnir hvar snjóflóð eða önnur ofanflóð hafa fallið að húsi eða eyðilagt hús. Upplýsingar um byggingarár og hvenær húsin hurfu eru einnig skráðar.

Staðhættir og snjóflóðasagan

Innri hluti Álftafjarðar hefur meginstefnuna NNA-SSV, en opnast yst til norðurs (Mynd 1). Súðavík er utarlega við vestanverðan fjörðinn. Eldri byggðin í Súðavík er stundum nefnd gamla eða ytri Súðavík (Myndir 2 og 3) og er hún neðan Súðavíkurhlíðar og Traðargils. Undir Traðargili skapast hætta vegna snjóflóða í norðaustlægum áttum, en norðan og norðvestanáttum undir Súðavíkurhlíð. Hætta vegna snjóflóða úr Traðargili hefur verið talin tíðari en úr Súðavíkurhlíð, enda eru norðaustlægar áttir algengustu snjóflóðaáttir á norðanverðum Vestfjörðum (Trausti Jónsson, 1998). Eftir snjóflóðin, sem féllu 16. janúar 1995, var ákveðið að færa byggðina nokkuð innar, og stendur meginhluti hennar nú undir öxl Kofra.

Í húsasögunni kemur fram, að snjóflóð hafa fallið á allmörg fjárhús sem stóðu undir hlíðinni ofan við íbúðarhúsin í Gömlu Súðavík (Kort 3.1 og 3.2). Þó er aðeins þekkt að íbúðarhús hafi skemmst af völdum snjóflóða í desember 1994 og janúar 1995, en snjóflóð lagðist einnig að húsinu á Túngötu 2 árið 1983, en skemmdi ekkert.



Mynd 3. Horft yfir Súðavík úr norðaustri og sést hvernig Álftafjörður sveigir sunnan við Súðavík. Nýja byggðin er neðan við Kofra, og nefnist strýtan á myndinni Kofrahögg. Langeyri sést vinstra megin ofan við miðja mynd og neðar til hægri er Eyrardalsá (ljósmynd: ©Mats Wibe Lund, 1991).

Íbúðarhús í gömlu Súðavík hafa verið keypt upp af yfirvöldum og eru nýtt til sumardvalar. Íbúðabyggðin hefur verið flutt innar, og er nýja byggðin í Súðavík neðan við Kofra innan við Eyrardalsá. Enn er atvinnustarfsemi í gömlu Súðavík.

Byggðasaga

Súðavík er fyrst skráð sem þorp í manntali árið 1870 (Eiríkur Páll Jörundsson, 1995). Sennilega væri réttast að telja gamla þorpið til jarðanna Súðavíkur, Traðar og Saura (Mynd 2). Mörkin að innanverðu voru við Eyrardalsá. Árið 1835 voru 25 manns á 4

heimilum á þessu svæði, en 35 árum síðar, eða 1870 voru heimilin 9 og íbúar 43 og 1880 voru heimilin 14 og íbúar orðnir 62. Árið 1890 voru íbúar orðnir hátt í hundrað. Árið 1921 var 221 íbúi í Súðavík. Nú búa tæplega 200 manns í kaupúninu og byggja afkomu sína á sjávarútvegi og þjónustu. Í desember 1993 festi Súðavíkurreppur kaup á landi Eyrardals innan við þorpið (Steinn Ingi Kjartansson, 2005) þar sem nýja byggðin í Súðavík var síðan reist.

Fyrir á öldum var Álftafjörður mikilvægur verslunarstaður og eru til heimildir um verslun þar við Lýbíkumenn (frá Lübeck í Þýskalandi), á 16. öld (Sögusmiðjan, 2003). Einokunarverslunin tók fyrir þau viðskipti. Súðavík er getið í heimildum sem þingstaðar um 1700. Árið 1882 stofnuðu Norðmenn hvalveiðistöð á Langeyri, sem var í landi Eyrardals við Álftafjörð, en 1891 keyptu Norðmenn landið af erfingjum bóndans í Eyrardal. Hvalveiðistöðvarnar voru um skeið þrjár í hreppnum, á Langeyri, Dvergasteinseyri (**Mynd 1**) og á Uppsalaeyri í Seyðisfirði, og hafa þær stuðlað að fólksfjölgun (Kristján Jónsson, 1964). Á Langeyri voru miklar byggingar, en verksmiðjuhúsin voru rifin 1905 (Kristján Jónsson, 1964). Þjálkaíbúðarhús eitt mikið stóð þar fram til 1940, en þá var það rífið og flutt í Reykjanes, þar sem það var notað sem heimavist fram til 1963.

Á fyrri tíð var Súðavík eftirsótt jörð og töldust margir ábúenda hennar til betri bænda (Sögusmiðjan, 2003).

Tröð var nokkru innar en Súðavík og voru landamerki milli jarðanna óglögg ókunnugum (Kristján Jónsson, 1964). Samhliða sjávarútvegi hefur verið töluverður fjárbúskapur í Súðavík og allt ræktanlegt land fyrir allöngu gert að túni (Sögusmiðjan, 2003).

Saurar voru fremur lítið býli rétt utan við Eyrardalsána, og átti land til sjávar og talsvert landrými inn eftir Sauradal (Kristján Jónsson, 1964). Tún jarðarinnar voru spölkorn fyrir ofan innstu húsin í gamla þorpinu. Íbúðarhúsið Saurar stóð ofarlega og innarlega í þorpinu þar til snjóflóð fór á það í desember 1994. Slapp íbúi þar með skrekkinn, en hann festist í flóðinu.

Í *Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VII bindi, er fjallað um Eyrarsókn og þar er Súðavík nefnd Sudawijk. Þar segir: „Hálfkirkja er hjer og embætti flutt þegar að heimafólk gengur til sacramentis. Jarðardýrleiki xxx c⁺⁺ með báðum hjáleigum Tröð og Saurum, sem hvor fyrir sig er haldin fimtúngur allrar jarðarinnar.” Jarðirnar Tröð og Saurar hafa því verið hjáleigur frá Súðavík og miklu minni en sú jörð um eða fyrir 1710. Ennfremur segir í *Jarðarbókinni*: „Túninu grandar vatnságangur, sem jetur rótina. Enginu granda smálækir og aurskriður úr snarbröttu fjalli, sem bera á slægjulandið leir og grjót til stórskada og eyðileggingar. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum undir mósköflum á vetrum og hefur oft að þessu stór skaði orðið. ... Hætt er húsum fyrir stórviðrum af útvestri”. Um Tröð er sagt: „Hjáleiga bygd fyrir manna minni við heimatúnið, úrdeild einasta að túni og engjum, öðru landi óskift ... Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina”. Um Saura segir: „Önnur hjáleiga so sem haldin hefur verið lánga tíma, en heyrst hefur að þetta skuli hafa verið að fornu jörð útaf fyrir sig, og hafi þá Súðavík og Tröð verið xxiii c⁺⁺, en nú er þessi hjáleiga talin fimtúngur allrar jarðarinnar og í fyrirsvari talin með heimajörðunni, óskift að túni og engjum, að dýrleika vi c⁺⁺, og svo tíundast”. Um jörðina Eyrardal segir: „Jarðardýrleiki xii c⁺⁺, og svo tíundast fjórum tíundum. Eigandinn hans kóngleg Majestat ...”.

Talið er að mektarbóndi í Súðavík, Hjalti Sveinsson, sem lést sjötugur að aldri árið 1903, hafi verið öflugasti stuðningsmaður að byggingu barnaskóla í Súðavík (Kristján Jónsson, 1964). Það var fyrsta skólahús við Djúp utan Ísafjarðarkaupstaðar. Friðrik Guðjónsson flutti til Súðavíkur 1890 og gerðist kennari við barnaskólann og gegndi því starfi samfellt fram á áttræðisaldur. Hann hefur hafið kennslu árið sem barnaskólahúsið var tilbúið. Hildur Maríasdóttir hafði það eftir Ragnheiði Ólafsdóttur, móðursystur sinni, barnabarni Hrefnu Láka, að börn hefðu mátt vera til 14 ára aldurs í skólanum. Hrefnu Láki langafi Hildar, náði að vera einn vetur í skólanum, en hann var fæddur 1877, og hefur því skólinn verið byggður 1890.

Nýja byggðin í Súðavík er í landi Eyrardals en utan við það er Eyrardalsá. Eftir snjóflóðin miklu sem féllu á Súðavík hinn 16. janúar 1995, þar sem 14 manns fórust var ákveðið að flytja byggðina á öruggara svæði, innan við Eyrardalsá. Alls var komið þar upp 13 sumarústöðum sem bráðabirgðahúsnæði fyrir íbúana á ótrúlega skömmum tíma og var flutt í fyrsta bústaðinn 9. mars 1995 (Ágúst Kr. Björnsson og Jón Gauti Jónsson, 1999). Samkeppni var um skipulag svæðisins og hefur byggðin nú verið flutt að mestu yfir á nýja svæðið undir Kofra. Fyrsta nýbyggingin sem var flutt í stendur við Vallargötu nákvæmlega ári eftir að flutt var í fyrsta sumarústaðinn, eða 9. mars 1996.

Geta má þess að fyrstu jarðgöngin voru sprengd á Íslandi haustið 1948 og liggja þau gegnum Arnardalshamar á veginum milli Ísafjarðar og Súðavíkur.

Húsalisti og kort

Í húsalistanum eru skráðar upplýsingar um hús í gömlu Súðavík, í Eyrardal og á Langeyri, en yfirlit yfir hús í nýju byggðinni í Súðavík er aðeins á kortum, vegna þess að ekki var byggð þar fyrr en eftir flóðin miklu veturinn 1994-1995. Á því svæði eru aðeins talin upp enn eldri hús, sem tilheyrðu Eyrardal.

Í atriðinu *Örlög* kemur fram hvort hús er horfið eða stendur og hvort það hefur orðið fyrir snjóflóði. Nafn húss er í fyrirsögn, eða götuheiti og húsúmer. Kross, +, á eftir nafninu táknar að hús sé horfið og ** að snjóflóð hafi komið á eða snert húsið.

Kort 1.1-1.4 eru gerð til að glöggva megi sig betur á tengingu texta við kortin. Þar er númer hvers húss sambærilegt við það sem er í listanum í næsta kafla. Á kortunum eru engin númer í nýju byggðinni í Súðavík vegna þess að engar upplýsingar eru um þau í næsta kafla, aðeins á korti 2.3.

Byggingarár húsa, sem standa, eru sýnd á kortum 2.1-2.4 og nöfn þar sem það á við. Þar eru einnig sýnd horfin hús og stjórnur við öll hús sem vitað er að snjóflóð hafi fallið að eða á. Á kortum 3.1-3.4 eru upplýsingar um byggingarár og örlög horfinna húsa auk nafna húsanna eftir því sem þekkt er, og stjórnur, eins og lýst er fyrir ofan, þar sem snjóflóð hafa fallið á hús.

Minnt er á að inn er hér samkvæmt málvenju inn eftir firði og út þýðir í átt að fjarðarmynni. Þegar fólk ætlaði til Súðavíkur frá Eyrardal og Hlíð, sem var innar í Álftafirði, var venjan að tala um „að fara út á bæi” (HM, 2005).

Listi yfir hús í gömlu Súðavík, Eyrardal og Langeyri

Skýringartákn á eftir nöfnum eða fyrirsögnum

+ táknar að hús sé horfið

** táknar að snjóflóð hafi snert húsið

A. Ystu húsin í Súðavík, nr. 1-34

1. HESTHÚS UTAN VIÐ KOLBEINSLÆK + **

Kort: 3.1.

Staðs.: Djúpvegur, ysta hús á kortunum.

Byggingarár: IÓ: 1994.

Önnur nöfn: Hesthús Bergljótar.

Örlög: Fór í snjóflóði í desember 1994.

Athugasemdir: Fór í snjóflóði í desember 1994. Snjóflóð í janúar 1995 hefur farið yfir og hreinsað það sem eftir var af húsinu.

SHH: Djúpvegur er að sögn HM nafn á veginum norður úr Súðavík, sem er framhald Aðalgötu. Þetta er ekki skráð svona hjá FMR.

FG: Snjóflóðið í janúar braut hesthúsið og snerti hesthúsin sem eru örlítið innar og standa enn.

SHH: Snjóflóðið sem fyrr var skráð innan við næstu hesthús hefur verið vitlaust teiknað og skráð. Kortið var ekki gott, og þar voru ekki ystu húsin.

Skv. korti og texta VHG kom snjóflóð á hús, sem var byggt sumarið 1994. Hann skrifaði: „Líklega fór flóðið í des. 1994 nærri hesthúsinu og flóðið í jan. 1995 á það”.

HM hefur fengið staðfest að snjóflóð hafi farið á húsið í desember. Bergljót gat með engu móti komið hestunum inn þegar hún reyndi það í desember, og fór skömmu síðar snjóflóð á húsið.

Einhver nefndi að það sem eftir var af hesthúsinu hafi farið í flóðinu í janúar, eins og um hálfallið hús væri að ræða.

JGE: Flóð á hesthús, teiknað og merkt á kort með hrinunni í janúar 1995 eftir lýsingum VHG, en getur vel verið að það hafi verið utar.

HM: Svava Markúsdóttir frá Sjónarhóli staðfesti að ekkert hesthús hafi verið byggt milli Sjónarhóls og hesthúsa sem standa. Fleiri íbúar í Súðavík vissu að utan við hesthúsin sem standa hafði farið flóð og tekið hesthús Bergljótar.

Heimild: IÓ, 2005.

FG, 2005.

HM, 2005

JGE, 1995b og 2005.

VHG, 1995.

2. HESTHÚS VIÐ SJÓNARHÓL

Kort: 2.1.

Staðs.: Djúpvegur, utarlega.

Byggingarár: FMR: 1982.

HM: Fyrstu húsin byggð 1960-1970.

Önnur nöfn: Hesthús og hlaða auk skúrs við Sjónarhól.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: HM: Hesthús voru líklega fyrst byggð þarna 1960-1970.

Heimild: HM, 2004 og 2005.

FG og ÁT, 2004.

3. MASTUR

Kort: 2.1.

Staðs.: Neðan við hesthús.

Byggingarár:

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Spennistöð við mastrið. Sjónvarps-, útvarps- og endurvarpsmastur. Þar er einnig staðsett sjálfvirk veðurstöð VÍ.

Heimild: HM, 2004.

4. FJÁRHÚS FRÁ SJÓNARHÓLI +

Kort: 3.1.

Staðs.: Næsta hús innan við hesthús.

Byggingarár:

Örlög: Farið 1990.

Heimild: FG, 2005.

5. GEYMSLA FRÁ SJÓNARHÓLI +

Kort: 3.1.

Staðs.: Aðeins ofar en Sjónarhóll.

Byggingarár: Fauk árið 2000.

Örlög: SM, 2005. Geymslan fauk árið 2000.

FG og ÁT: Farið um 2000.

Athugasemdir: Ný mjög lítil geymsla var byggð við Sjónarhól eftir að þessi fauk og er ekki skráð sérstaklega.

Heimild: HM og SM, 2005.

FG og ÁT, 2004 og 2005.

6. SJÓNARHÓLL

Kort: 2.1.

Staðs.: Djúpvegur.

Byggingarár: 1918.

Önnur nöfn: Sjónarhóll, sumarbústaður.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: FG, 2005: Ný mjög lítil geymsla var byggð við Sjónarhól eftir að sú á undan (nr. 5) fauk og er hún ekki skráð sérstaklega.

SHH: Á korti VHG virtist flóð hafa farið á eða yfir bústaðinn, þ.e. jaðar flóðsins í janúar 1995 og á korti JGE virtist flóðið snerta bústaðinn. - Flóðið er ekki rétt staðsett, því flóð fór utan við hesthús (nr. 2) og tók annað hesthús (nr. 1) sem stóð utan við Kolbeinslæk.

Heimild: HM og SM, 2005

JGE, 1995b.

FG og ÁT, 2004.

7. MIÐHÚS +

Kort: 3.1.

Staðs.: Við Djúpveg.

Byggingarár:

Örlög: Farið.

Heimild: HM, 2005.

8. JAÐAR +

Kort: 3.1.

Staðs.: Við Djúpveg.

Byggingarár:

Örlög: Farinn.

Heimild: HM, 2005.

9. FJÁRHÚS

Kort: 2.1.

Staðs.: Ofan við Djúpveg.

Byggingarár: 1985.

Önnur nöfn: Fjánhús Eiríks Ragnarssonar.

Örlög: Stendur.

Heimild: HM, 2004.

FG og ÁT, 2004.

10. BÚÐANES +

Kort: 3.1.

Staðs.: Örlítið innar en fjárhúsin næst á undan.

Byggingarár:

Örlög: FG og ÁT: Farið.

Athugasemdir: Er á korti JGE frá 1995.

Heimild: FG og ÁT, 2004.

11. FAGRABREKKA +

Kort: 3.1.

Staðs.: Ofan við Djúpveg.

Byggingarár: HM og EVS: 1929.

Örlög: Flutt að Víkurgötu 5.

Athugasemdir: Húsið var flutt 1997 en frumbyggingarár er ekki á FMR-lista (Víkurgata 5, byggingarár 1997).

Heimild: HM og EVS, 2005.

FG og ÁT, 2004.

FMR, des. 2003.

12. FJÁRHÚS FRÁ FÖGRUBREKKU +

Kort: 3.1.

Staðs.: Nesvegur 10.

Byggingarár: ÓE: Um 1929, eða um svipað leyti og Fagrabrekka.

Örlög: ÓE: Fóru 1980 í roki.

Athugasemdir: LMÍ, loftmynd 1957.

Er á korti JGE frá 1995, og korti HS og ÓK 1988. Er á loftmynd 1957, en ekki á loftmynd 1991.

Heimild: HM og ÓE, 2005.
FG og ÁT, 2004.
(JGE, 1995b,
HS og ÓK, 1988, kort.)
LMÍ, loftmyndir 1957 og 1991.

13. NESVEGUR 19

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1980.

Önnur nöfn:

Örlög: Stendur.

Heimild: FMR, des. 2003.

14. NESVEGUR 17

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1988.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Parhús.

Heimild: HM, 2004.

FMR, des. 2003.

**15. BÍLSKÚR FRÁ
BLÓMSTURVÖLLUM +**

Kort: 3.1.

Staðs.: Djúpvegur, neðan við
Blómsturvellir.

Byggingarár: 1967.

Örlög: Farinn 1985.

Heimild: FG, 2005.

16. BLÓMSTURVELLIR

Kort: 2.1.

Staðs.: Nesvegur 8.

Byggingarár: 1930.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Sumarhús.

Er á loftmynd 1957.

Heimild: HM, 2004.

FMR, des. 2003.

LMÍ, loftmynd 1957.

17. LITLI BÆR

Kort: 2.1.

Staðs.: Nesvegur 13.

Byggingarár: 1945.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: HM: Fjánhús og hlaða
koma ekki fram á kortunum, en þau
voru byggð skv. FMR árið 1967 og eru
löngu farin.

Heimild: HM, 2004, 2005.

FMR, des. 2003.

18. NESVEGUR 13, BÍLSKÚR

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1982.

Örlög: Stendur.

Heimild: FMR, des. 2003.

19. NESVEGUR 15

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1987.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Parhús.

Heimild: HM, 2004.

FMR, des. 2003.

**20. FJÁRHÚS FRÁ
BLÓMSTURVÖLLUM**

Kort: 2.1.

Staðs.: Nesvegur 6.

Byggingarár: 1967.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Fjánhús sem tilheyrðu
Blómsturvellum.

Heimild: HM og FG, 2004, 2005.

FMR, des. 2003.

21. NESVEGUR 11

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1980.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Sumarhús og bílskúr.

Heimild: FMR, des. 2003.

22. NESVEGUR 9

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1985.

Örlög: Stendur.

Heimild: FMR, des. 2003.

**23. GÖMUL FJÁRHÚS FRÁ
BLÓMSTURVÖLLUM +**

Kort: 3.1.

Staðs.: Ofan við Nesveg 15.

Byggingarár:

Örlög: Farin löngu fyrir 1995.

Athugasemdir: Ný fjárhús voru byggð 1967 (sjá nr. 20).

Heimild: FG, 2005.

FG og ÁT, 2004.

24. BÍLSKÚR FRÁ LITLA BÆ +

Kort: 3.1.

Staðs.: Aðalgata.

Byggingarár:

Önnur nöfn: Innan og neðan við Blómsturvell.

Örlög: FG og ÁT: Farinn 1980.

Athugasemdir: Litli Bær er Nesvegur 13.

Heimild: HM, 2004.

FG og ÁT, 2004.

25. NESVEGUR 4

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1973.

Örlög: Stendur.

Heimild: FMR, des. 2003.

26. NESVEGUR 5 **

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1978 (geymsla 1990).

Önnur nöfn: Sumarhús og bílskúr. Geymsla.

Örlög: Stendur.

JGE: Snjór og brak lagðist þétt að húsinu, en braut sér einungis leið um einn glugga á bakdyrum, óverulegar skemmdir. Slapp ótrúlega vel miðað við að brakið úr Nesvegi 7 lagðist m.a. að rúðum í eldhúsglugganum.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

27. NESVEGUR 7 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1985.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Húsið rústaðist og þeyttist af grunninum. Brakið lenti að hluta á Nesvegi 5. Fjögur voru í húsinu, tvö fórust.

Athugasemdir: Flóð 6011. HM: Byggt sama ár og Nesvegur 9 (nr. 22).

Heimild: HM, 2005.

JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

28. NESVEGUR 2

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1978.

Örlög: Stendur.

Heimild: FMR, des. 2003.

29. NESVEGUR 3 **

Kort: 2.1.

Byggingarár: 1973.

Önnur nöfn: Sumarhús.

Örlög: JGE: Snjór fór inn í tvö svefnherbergi á neðri hæðinni, olli skemmdum, en ekki miklum, í flóðinu 16.1.1995. Fjögur voru í húsinu og björguðust öll.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

30. NESVEGUR 1 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: Fyrir 1991.

Örlög: JGE: Efri hluti hússins, bílskúr, rústaðist í flóðinu 16.1.1995, íbúðarhlutinn fylltist af snjó. Fjögur voru í húsinu og var bjargað.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: HM, 2005.

LMÍ, lofmynd 1991.

JGE, 1995b.

VÍ, 2003. Snjóflóð í Súðavík.

VHG, 1995.

31. LEIKSKÓLI + **

Kort: 3.1.

Staðs.: Ofan við Nesveg og Höfðabrekku.

Byggingarár: 1987.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Á mynd kemur fram að leikskólinn fylltist af snjó og þakið var illa farið.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: HM, 2005.

JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG: Kort með flóðum í des. 1994 og jan. 1995.

32. FJÁRHÚS BJÖSSA + **

Kort: 3.1.

Staðs.: Um 200 m ofan við byggð við Nesveg.

Byggingarár: 1976.

Örlög: VHG: Fór í flóðum 1983, 1994, 1995.

VÍ: Flóðið reif þak af fjárhúsi á Ytri-Höfða. Þakið stöðvaðist á gafla bílskúrs á Túngötu 2. Flóðið velti einnig spennni svo hluti þorpsins varð rafmagnslaus. Samtals drápust um 50 fjár í flóðum 6006 í Súðavíkurhlíð og 6005 úr Traðargili 6.1.1983.

Athugasemdir: HG: Á korti með upplýsingum um flóð kom fram: „Mest af þessum húsum fóru 1983. Skúr sem eftir stóð eyðilagðist 18. des. 1994. Síðustu byggingarrústir hurfu í jan. 1995”.

GJ: Fór í snjóflóði 1984.

FG: Fór í snjóflóði 1987.

Heimild: VHG: Kort með flóðum í des. 1994 og jan. 1995.

EP og GJ, 2004.

FG og ÁT, 2004.

LMÍ, loftmyndir 1957 og 1991.

33. SPENNIR 1 + **

Kort: 3.1.

Staðs.: Ofan og innan við Túngötu 2.

Byggingarár:

Örlög: Snjóflóð 6.1.1983 velti spenninum og hluti Súðavíkur varð

rafmagnslaus. Hann lenti á húsinu nr. 2 við Túngötu.

Athugasemdir: Flóð 6006. Teikning eftir upplýsingum HM.

Heimild: HM, 2005.

VÍ, 2003.

34. SPENNIR 2 + **

Kort: 3.1.

Staðs.: HM: Neðar og nær Túngötu 2 en spennir 1 fyrir framan.

Byggingarár: 1983.

Örlög: HM: Snjóflóð úr Súðavíkurhlíð 16.1.1995 eyðilagði spenninum.

Athugasemdir: Flóð 6011. HM: Spennirinn var byggður eftir að hinn skemmdist í snjóflóði 1983.

Heimild: HM, 2005.

B. Aðalgata og Njarðarbraut neðan við Túngötu, nr. 35-56

35. AÐALGATA 2 **

Kort: 2.1.

Staðs.: Á horni Höfðabrekku og Aðalgötu.

Byggingarár: 1981.

Önnur nöfn: Blokkinn.

Örlög: Snjóflóðið kom á innri hluta blokkarinnar.

JGE, 1995: Örlítið magn af snjó komst inn um eina hurð, en olli engu tjóni.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

EP og GJ, 2004.

36. BÚNAÐARFÉLAGSSKÚRINN +

Kort: 3.1.

Staðs.: Ysta húsið við Njarðarbraut, annað hús utan við nr. 14-20.

Byggingarár: Fyrir 1957.

Athugasemdir: HM: Áður var þar hús sem kallað var Bólstaður.

Örlög: FG og ÁT: Farið fyrir 1980.

Heimild: FG og ÁT, 2004.
LMÍ, loftmynd 1957.

37. KVENFÉLAGSHÚSIÐ +

Kort: 3.1.

Staðs.: Ofan við Njarðarbraut, fyrsta hús utan við nr. 14-20.

Byggingarár:

Örlög: FG og ÁT: Farið fyrir 1980.

Athugasemdir: HM: Byggt sem fiskvinnsluhús og verbúð, var síðast íbúðarhús.

Heimild: HM og FG, 2005.
FG og ÁT, 2004.

38. NJARÐARBRAUT 14, 16, 18 OG 20 **

Kort: 2.1.

Staðs.: Neðan við Aðalgötu.

Byggingarár: 1980.

Önnur nöfn: Iðnaðarhús, skrifstofur og vörugemysla. Árið 1995 var stjórnarsýsluhús nr. 14, Verkstæði Jónbjörns Björnssonar í nr. 18 og Bifreiðaverkstæðið Möndull í nr. 18.

Örlög: Stendur, en snjóflóð kom á húsið í janúar 1995.

JGE: Í stjórnarsýsluhúsinu braut snjóflóðið glugga og fyllti efri skrifstofuna. Á Bifreiðaverkstæðinu Möndli komst snjór inn um glugga og sprengdi út hurðir. Það krosssprengdi útvegg að ofanverðu í verkstæði Jónbjörns. Einn maður var á bifreiðaverkstæðinu og bjargaðist.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

FMR, des. 2003.

39. OLÍUTANKUR +

Kort: 3.1.

Staðs.: Neðan við Njarðarbraut.

Byggingarár: Eftir 1957, fyrir 1991.

Örlög: Farinn fyrir 2002.

Athugasemdir: Hér er talið saman það sem á myndum virðast vera tvö tengd

mannvirki, annað hringlaga tankur, hitt kofi eða hús innan við tankinn.

Heimild: Kemur fram á loftmynd 1991, en ekki á loftmynd 1957.

FG og ÁT, 2004.

40. SKÚR VIÐ OLÍUTANK

Kort: 2.1.

Staðs.: Neðan við Njarðarbraut.

Byggingarár: 1962.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Hér er skipt upp því sem virðist vera tvö tengd mannvirki, annað hringlaga tankur (nr. 39). Þetta er kallað dæluhús í FMR og er innan við tankinn.

Kemur fram á loftmynd 1991, en ekki á loftmynd 1957

Heimild: FG, 2005.

FMR, des. 2003.

LMÍ, 1957 og 1991.

FG og ÁT, 2004.

41. AÐALGATA 6 **

Kort: 2.1.

Staðs.: Ofan við Aðalgötu.

Byggingarár: 1983.

Önnur nöfn: Þarna var Póstur og sími áður fyrir.

Örlög: Stendur. Snjóflóðið 16. janúar 1995 fór á húsið.

JGE: Snjór braut sér leið inn í húsið og olli þar tjóni á innréttingum, skemmdi einnig þak. Mannlaust.

Athugasemdir: Flóð 6011. Verk Vest, Verkalýðsfélag Vestfjarða, á húsið.

Heimild: HM, 2005.

JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

42. BENSÍNDÆLUR VIÐ NJARÐARBRAUT +

Kort: 3.1.

Staðs.: Milli nr. 7 og 14.

Byggingarár:

Örlög: Farnar löngu fyrir flóð.

Athugasemdir: Þetta var talið með húsum, en ætti varla að vera þar.

Heimild: HM, 2005.

43. VÖRUSKEMMA FRÁ ÁKABÚÐ OFAN VIÐ NJARÐARBRAUT +

Kort: 3.

Staðs.: Ofan við húsið á undan.

Byggingarár:

Örlög: Flutt.

Athugasemdir: HM og FG: Var vöruskemma fyrir Ákabúð, sem Áki Eggertsson gaf og er nú SVFÍ hús (nr. 158) innan við Eyrardalsá fyrir neðan nýju byggðina í Súðavík.

Heimild: HM, 2005.
FG og ÁT, 2004.

44. JÁRNHÚSIÐ +

Kort: 3.

Staðs.: Neðan við Njarðarbraut, næst utan við nr. 7.

Byggingarár: IÓ: Elsti hluti hússins frá því fyrir 1900.

Önnur nöfn: Ákabúð.

Örlög: IÓ: Áki Eggertsson keypti það upp úr 1940, og þá var verslun í húsinu kölluð Ákabúð. Síðar var það rífið.

Heimild: HM, 2004, 2005.

IÓ, 1995, bls. 19 og 21.

JGE, 1995b.

FG og ÁT, 2004.

45. UNUHÚS + **

Kort: 3.

Staðs.: Njarðarbraut 10. Næsta hús við Aðalgötu 1, og ofan við Njarðarbraut og Járnhúsið.

Byggingarár:

Örlög: Fór í flóðinu 16, janúar 1995.

JGE: Húsið stóð uppi eftir flóðið, en veggir gáfu sig og það fylltist af snjó. Kona grófst og fórst í húsinu.

Heimild: HM, 2004, 2005.

JGE, 1995b.

FG og ÁT, 2004.

46. RAFSTÖÐ +

Kort: 3.

Staðs.: Við Njarðarbraut, næst Aðalgötu 1, annað hús ofan við Njarðarbraut og Járnhúsið.

Byggingarár:

Örlög: FG og ÁT: „Öll farin”, þ.e. 5 hús í þyrpingu kringum Njarðarbraut.

Heimild: HM, 2005.

FG og ÁT, 2004.

47. KOBBA ELLA HÚS +

Kort: 3.

Staðs.: Horfið hús við Njarðarbraut, „í Aðalgötu 1” og hefur verið byggt aftur á reitnum.

Byggingarár:

Örlög: Flutt inn í fjörð og síðan í Skötufjörð.

Athugasemdir: HM og FG: Var flutt sem sumarbústaður í Skötufjörð. Húsið var dregið fyrir annes á olíutunnum.

Heimild: HM og FG, 2005.

FG og ÁT, 2004.

48. AÐALGATA 1

Kort: 2.1.

Staðs.: Neðan við Aðalgötu, ofan við Njarðarbraut.

Byggingarár: 1988.

Önnur nöfn: HM: Bensinstöð og sjoppa, síðar einnig verslun.

Örlög: Stendur.

Heimild: HM, 2005.

FMR, des. 2003.

49. NEÐAN VIÐ NJARÐARBRAUT +

Kort: 3.1.

Staðs.: Lítið horfið hús þar sem Njarðarbraut 7 stendur nú.

Byggingarár:

Önnur nöfn: FG: Geymsluskúr Skeljungs.

Örlög: Farið.

Athugasemdir: Áður voru geymdir þarna olíur frá Ákabúð og eldfim efni.

Heimild: HM og FG, 2005.

50. NJARÐARBRAUT 7

Kort: 2.1.

Staðs.: Samfast frystihúsinu, utan við það.

Byggingarár: 1987.

Örlög: Stendur.

Athugasemdir: Kassageymsla.

Heimild: HM og FG, 2005.

FMR, des. 2003.

51. HRAÐFRYSTIHÚS OG RÆKJUVINNSLA

Kort: 2.1.

Staðs.: Njarðargata 1-3-5, á eyrinni við hafnargarðinn.

Byggingarár: HM: Gamli Frosti tók til starfa 1942 en byggt hefur verið við húsið eftir það.

FMR: 1980-1981.

Örlög: Stendur.

Heimild: HM, 2004.

FMR, des. 2003.

52. BEGGABÆR +

Kort: 3.1.

Staðs.: Við Njarðarbraut. Næst innan við hús nr. 1 við Aðalgötu.

Byggingarár:

Örlög: Farinn.

Heimild: HM, 2004, 2005.

FG og ÁT, 2004.

53. GRÍMSHÚS +

Kort: 3.1.

Staðs.: Við Njarðarbraut, utan og neðan við götuna Grímsbrekku.

Byggingarár: 1935, en þar stóð hús áður sem brann 1934.

Önnur nöfn: Læknisbústaðurinn.

Örlög: Brotið niður um 1995.

IÓ, 1995: Árið 1934 brann hús Gríms Jónssonar kaupmanns í Súðavík. Var þetta stórt timburhús og fjölmennasta íbúðarhúsið í Súðavík ... Grímur byggði síðan upp steinhús á sama grunni. Hann vildi fara með það ofar á túnið en reglurnar sögðu að hann ætti

að byggja á sama stað. Það er hins vegar nýbúið að brjóta það niður núna .

Athugasemdir: HM: Sá sem átti Grímshús bjó á Súðavíkurjörðinni. Ekkert hús var kallað Súðavík.

Heimild: IÓ. 1995, bls. 19 og 21.

HM, 2004 og 2005.

FG og ÁT, 2004.

54. GRÍMSBÚÐ +

Kort: 3.1.

Staðs.: Við Njarðarbraut, neðan við götuna Grímsbrekku.

Byggingarár:

Örlög: Farin.

Heimild: HM, 2004 og 2005.

FG og ÁT, 2004.

55. KETILHÚS

Kort: 2.1.

Staðs.: Við Njarðarbraut, innan við Frystihúsið.

Byggingarár: 1981.

Önnur nöfn: Kyndistöð.

Örlög: Stendur.

Heimild: HM og FG, 2005.

FG og ÁT, 2004.

56. SVARTA HÚSIÐ +

Kort: 3.1.

Staðs.: Innst við Njarðarbraut, innan við Ketilshúsið.

Byggingarár:

Örlög: Farið eftir 1950.

Athugasemdir: Húsið stóð þegar HM var lítil (var síðar gult).

Heimild: HM, 2005.

C. Hús við Túngötu og ofar talin inn eftir, nr. 57-86

57. TÚNGATA 1 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1975.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Stendur uppi, brotið, fylltist af

snjó. Tvö björguðust úr flóðinu af sjálfsdáðum.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

HM og FG, 2005.

58. TÚNGATA 2 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1978.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE, 1995b: Innviðir hússins

hreinsuðust úr, gaflarnir standa.

Mannlaust.

VÍ, heimildarmaður EP: Snjóflóðið 6.1.1983 kom að eða á húsið.

EP og GJ: Flóð kom á húsið 1983, en skemmdi ekkert.

Athugasemdir: Flóð 6011 (6.1.1983) og 6006.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

EP og GJ, 2004.

VHG, 1995.

HM og FG, 2005.

59. TÚNGATA 3 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1972.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Brotnaði niður að mestum hluta.

Þrjú voru í húsinu og var bjargað.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

60. TÚNGATA 4 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1978.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Innviðir hússins hreinsuðust út.

Gaflarnir standa. Fjögur voru í húsinu, einn fórst.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003. Snjóflóð í Súðavík.

VHG, 1995.

HM og FG, 2005.

61. TÚNGATA 5 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1972.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Brak úr Túngötu 4 lenti á húsinu og það hreinsaðist burt af grunninum.

Fjögur lentu í flóðinu, þrjú börn grófust og fórust.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG, 1995.

HM og FG, 2005.

62. TÚNGATA 6 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1969.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Húsið hreinsaðist burt af grunninum.

Tvö voru í húsinu og fórust bæði.

Athugasemdir: Flóð 6011.

Heimild: JGE, 1995b.

VÍ, 2003.

VHG: Kort með flóðum í des. 1994 og jan. 1995.

HM og FG, 2005.

63. TÚNGATA 7 + **

Kort: 3.1.

Byggingarár: 1972.

Örlög: Fór í snjóflóðinu 16.1.1995.

JGE: Húsið hreinsaðist af grunninum að miklu leyti. Fjögur voru í húsinu, tvö fórust.

